

Mánudaginn 11. október 1943.

Nr. 122/1942. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn

Baldvin Kristinssyni (Theódór B. Lindal).

Heimta bóta vegna árekstrar bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjanda dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. des. f. á., krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Bifreiðin F 1 var á leið austur Vonarstræti, þegar slys það varð, sem mál þetta er risið af. Fram undan húsinu nr. 8 við Vonarstræti stóðu tvær bifreiðir á götunni við brúnir gangstéttanna, önnur að sunnan en hin að norðan. Myndaðist hlið á milli þeirra á götunni. Þegar F 1 kom í hliðið milli greindra bifreiða, sá bifreiðarstjóri hennar slökkviliðsbifreiðina, sem hann kveður þá rétt komna fram hjá Templarasundi. Beitti hann þá þegar hemlum bifreiðar sinnar, og stöðvaðist hún þegar í stað og var að fullu stöðvuð, er áreksturinn varð. Bifreiðarstjóri F 1, tveir farþegar í bifreið hans og tveir brezkir hermenn í bifreiðinni við syðri vegarbrún synja þess allir, að þeir hafi greint hljóðmerki frá slökkviliðsbifreiðinni. Slökkviliðsbifreiðin kom úr Lækjargötu og ók vestur Vonarstræti með allmiklum hraða. Telja slökkviliðsmennirnir, að bjalla hennar hljóti að hafa hringt, er þeir beygðu inn í Vonarstræti, en eftir það mun bjallan ekki hafa hringt. Maður sá, sem gætti blásturshornsins á slökkviliðsbifreiðinni, kveðst hafa gefið greinilega hljóð-

merki hvað eftir annað í Vonarstræti. Annar slökkviliðsmaður, sem í bifreiðinni var, kveður eitt hljóðmerki hafa verið gefið, eftir að þeir komu í Vonarstræti og áður þeir færu fram hjá Templarasundi, en ekki eftir það. Bifreiðarstjórinn á slökkviliðsbifreiðinni getur ekki um hljóðmerkin horið. Hann kveðst hafa hemlað bifreið sína, þegar hann sá, að F 1 var í þann veginn að aka inn í hliðið milli bifreiðanna. Hemlaför slökkviliðsbifreiðarinnar reyndust vera 11 metrar að árekstrarstaðnum. Var þá enn töluverð ferð á slökkviliðsbifreiðinni, svo sem högg það, sem hún veitti F 1, ber vitni um.

Það verður að metast bifreiðarstjórnaum á F 1 til van-gæzlu, að hann ók inn á milli bifreiðanna án þess að ganga úr skugga um, hvernig umferð var háttað austan megin við þær. Hins vegar verður að telja, að slökkviliðsmennirnir hafi ekki gefið nægilega greinileg og tíð hljóðmerki, er þeir ætluðu að aka inn á milli bifreiða á götunni á svo mikilli ferð, sem á slökkviliðsbifreiðinni var. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjar-sjóðs, greiði stefnda, Baldvin Kristinssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. sept. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí s. l., af hrm. Theódór B. Lín-dal hér í bæ f. h. Baldvins Kristinssonar, Siglufirði, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarareksturs, að upphæð kr. 3169.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara, að

tjóninu verði skipt að tiltölu við sök hvors bifreiðarstjóra. Þá krefst stefndur og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að um kl. 16 þann 5. apríl s. l. ók fólksflutningabifreiðin F 1 frá Suðurgötu austur Vonarstræti hér í bæ. Virðist hún hafa ekið fremur hægt, eða með 15—20 km hraða á klst. Á móts við húsið nr. 8 við Vonarstræti stóðu tvær bifreiðar, sitt hvoru megin við götuna og nokkurn veginn andspænis hvor annari. Mun bifreiðin F 1 hafa ekið nálægt miðri götu þar til hún nálgæðist bifreiðar þær, er stóðu kyrrar, en þá beygði hún að vinstri vegarbrún. Ekki staðnæmdist hún þó þar, heldur beygði aftur út á götuna milli bifreiðanna, en í sömu svifum kom slökkviliðsbifreið Reykjavíkurbæjar á allmiklum hraða vestur Vonarstræti, og skullu bifreiðarnar saman. Skemmdist bifreiðin F 1 allmjög við áreksturinn, en slökkviliðsbifreiðina sakaði ekki.

Stefnandi, eigandi bifreiðarinnar F 1, telur sig hafa orðið fyrir þessu tjóni í sambandi við áreksturinn:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 959.50
2. Kostnaður við matsgerð	— 50.00
3. Tjón vegna þess, að bifreiðin hafi verið ónothæf í 27 daga	— 2160.00

Alls kr. 3169.50

Telur stefnandi, að stefndur beri skv. bifreiðalögunum skaðabótaábyrgð vegna áreksturs þessa, þar sem stjórnandi slökkviliðsbifreiðarinnar eigi einn sök á honum. Slökkviliðsbifreiðin hafi ekið óforsvaranlega hratt, — enda engin heimild til undanþágu að því leyti, þar sem hún hafi verið að koma frá brunastað, — og auk þess hafi hún látið hjá liða að gefa hljóðmerki, þannig að bifreiðarstjórninn á F 1, sem ekki hafi séð til hennar fyrr en á síðustu stundu, hafi ekki varað sig á ferðum hennar.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram og sýknukrafan byggð á því, að bifreiðarstjórninn á F 1 hafi ekið svo ógætilega, að hann eigi einn sök á árekstrinum. Vangæzla hans sé í því fólgin að taka hvorki eftir því, að slökkviliðsbifreiðin kom vestur götuna, né eftir því, að hún hafi gefið hljóðmerki, og svo hafi hann með því að beygja að vinstri vegarbrún, rétt áður en komið var að bifreiðunum, er stóðu kyrrar, gefið bifreiðarstjóranum á slökkviliðsbifreiðinni réttmæta ástæðu til að ætla, að F 1 ætlaði að biða fyrir aftan þessar bifreiðar.

Samkvæmt vitnaframburðum þeim, er fyrir liggja í málinu, getur það gegn mótmælum stefnanda ekki talizt nægjanlega sannað, að slökkviliðsbifreiðin hafi gefið hljóðmerki á þeim tíma, er skiptir máli, áður en áreksturinn varð. Með því að slökkviliðsbifreiðar eru ekki undanþegnar því boði bifreiðarlaga að gefa hljóðmerki, verð-

ur að telja, að stjórnendur slökkviliðsbifreiðarinnar eigi vegna þessa þá sök á árekstrinum, að sýknukrafa stefnds geti ekki orðið tekin til greina. — Hins vegar getur það ekki talizt bifreiðarstjóra slökkviliðsbifreiðarinnar til áfellis, þótt hann hafi ekið allhratt, því að bifreiðar sem þessi eru undanþegnar ákvæðum bifreiðarlaga um hámarkshraða, og það, hvort sem þær eru á leið til brunastaðar eða frá honum.

Að álitu réttarins verður að telja, að bifreiðarstjórinn á F 1 hafi, eins og á stöð og eins og hann hagaði ferð sinni, átt að sjá til slökkviliðsbifreiðarinnar, þar sem hún kom vestur Vonarstræti, og að hann hafi því sýnt vangæzlu að þessu leyti svo og með því að aka eins og hann gerði, rétt áður en hann kom að hinum stöðvudu bifreiðum, og gefa þannig bifreiðarstjóranum á slökkviliðsbifreiðinni, sem tók eftir ferðum hans, tilefni til að ætla, að hann hefði í hyggju að bíða þar.

Samkvæmt þessu verður því að telja, að bifreiðarstjórnarnir eigi báðir sök á umræddum árekstri, og ber eigendum bifreiðanna þá skv. 4. tölulið 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 að bæta tjónið að tillölu við sök hvors um sig, en eins og atvikum að árekstrinum var háttað skv. framansögðu, þykir rétt, að hvor aðili beri tjónið að helmingi. Kemur þá upphæð bótakröfunnar til álita.

Tveir fyrstu kröfuliðirnir eru viðurkenndir sem réttir af stefndum, en hins vegar hefur hann mótmælt þriðja liðnum sem allt of háum.

Það er viðurkennt, að viðgerð skemmda á F 1 hefði átt að taka 60 verkstundir, ef allt hefði verið með felldu, en vegna þess að ýmsa nauðsynlega varahluti vantaði, var bifreiðin ekki fær til aksturs fyrr en eftir 27 daga. Mótmælir stefndur því eindregið, að hann eigi að bera fulla ábyrgð á því tjóni, sem af þessu stafi, en telur hins vegar sanngjarnt að reikna með 9 daga stöðvun í þessu sambandi. Skv. óvæfengdu vottorði námu „brúttó“-tekjur eigenda þeirra bifreiða, er atvinnu höfðu af akstri fólks hér í bæ, 80—100 kr. á dag, á þeim tíma, er hér um ræðir. Bifreiðin F 1 var notuð til slíkra flutninga, og var sérstakur bifreiðarstjóri með hana á vegum stefnanda, og er kaup hans falið í umræddri bótakröfu.

Að þessu athuguðu og þar sem fallast verður á það með stefndum, að honum beri ekki að fullbæta tjón eins og það, sem að framan er lýst (þ. e. vegna þeirrar tafar á viðgerð, er stafar af vöntun varahluta), þykja bæturnar skv. þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 1120.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda helming af kr. 959.50 + kr. 50.00 + kr. 1120.00, eða kr. 1064.75 ásamt 5% ársvöxtum frá 9. maí þ. á. til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, hrm. Theódór B. Lindal f. h. Baldvins Kristinsonar, kr. 1064.75 með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1942 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. október 1943.

Nr. 43/1943. **Vélsmiðjan Jötunn h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Húsaleigunefnd Reykjavíkur

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Kröfu um fjárnám fyrir dagsektum hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að dagsektirnar verði lækkaðar og fjárnámið einungis staðfest að því leyti. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í hér- aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hafa hér fyrir dómi verið á einu máli um það, að húsnæði því, sem í máli þessu greinir, hafi að fullu verið breytt í einkaíbúð hinn 18. janúar þ. á. Telja verður það meginreglu í íslenskri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánunum, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann